

4. bekkur Glerárskóla

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áherslur þeirra í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á **Aðalnámskrá grunnskóla veffang:**

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar>

Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrárgerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 4. bekk eru 30.

Umsjónarkennarar í 4. bekk eru: Inga Huld Pálsdóttir og Guðrún Kristínardóttir

Heimavinna

Gert er ráð fyrir að börnin lesi heima á hverjum degi. Með heimalestrarbókum fylgir skráningarhefti sem kvitta skal í. Önnur heimavinna á að vera í teygjumöppu. Nemendur fá möppuna með heimavinnu vikunnar ásamt vikuáætlun á föstudögum og eiga að skila möppunni í síðasta lagi viku seinna. Heimanám hefst í byrjun september og lýkur í byrjun maí nema heimalesturinn sem er út skólaárið.

Heimavinna er fyrst og fremst til þess að æfa nemendur í atriðum sem hafa verið kennd í skólanum og til þess að gefa foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að fylgjast með og taka þátt í námi barnanna. Ekki er ætlunin að heimavinnan sé nokkrum ofviða og eru forráðamenn hvattir til að hafa samband við kennara ef svo er. Heimalesturinn er aðalatriðið í heimanámi, bæði lestur fyrir börnin og markviss lestrarþjálfun við hæfi hvers og eins.

Námsmat

Hæfnikort eru grundvöllur fyrir námsmat. Inn í hæfnikortum eru viðmið sem unnið er út frá. Með þeim fá kennarar/nemendur skýrar leiðbeiningar um hvað á að meta, hvernig á að meta hæfni nemenda miðað við þau hæfniviðmið sem sett eru. Hæfnikort inniheldur öll þau viðmið sem á að meta fyrir hverja námsgrein fyrir sig á einum stað þannig að hæfnikort nemenda eru hæfniviðmið skólans. Kennarinn skipuleggur kennslu út frá hæfnikortum og metur hvar nemandi er staddur. Um er að ræða fjölbreytilegt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Greinandi mat er fyrst og fremst til að greina sértækan námsvanda. Leiðsagnarmat er til að fylgjast með og sjá stöðu nemenda meðan á námi stendur þ.e. það ferli að afla upplýsinga um hvar nemandi er staddur í námi sínu og túlka þær. Til þess eru notuð lesfímipróf ásamt öðrum matstækjum.

Íslenska

Helstu áhersluatriði:

Áhersla er lögð á skýran framburð og skilning á efni. Unnið er með lesefni af bókasafni og nemendur eru aðstoðaðir við val á lesefni sem ætlað er til frjáls lesturs bæði í kennslustundum og heima. Lögð er áhersla á samræður um lesefni og þjálfun í að lesa með gagnrýnum huga og að þroska ályktunarhæfni. Unnin eru ýmis skrifleg verkefni sem tengjast lesefni.

Framsögn fléttast inn í lestrarþjálfun með aukinni getu. Nemendur eru hvattir til að segja frá fyrir framan bekkinn og lögð er áhersla á að þau hlusti hvert á annað og sýni tillitssemi. Þau lesa upp fyrir bekkinn frásagnir, sögur og ljóð og flytja stutta leikþætti.

Kennd er ítölsk skriftargerð og lögð er áhersla á að nemendur noti þá skrift í allri ritun og vandi skrift og frágang t.d. við sögugerð og ritun ljóða.

Nemendur eru þjálfaðir í að tjá sig í rituðu máli, skrifa málsgreinar, lýsingar, frásagnir og sögur í sögubók. Nemendur skrá m.a. upplýsingar úr umhverfi sínu og úr léttum rituðum heimildum.

Ýmsar skriflegar og munnlegar æfingar í málfræði.

Nemendur læra nokkur ljóð utanbókar og læra um myndmál ljóða. Þau skrifa ljóð, sögur og frásagnir í vinnubækur og myndskreyta.

Lestur:

Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Lestrarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar. Vegna þessa er mikilvægt að foreldrar og þeir sem annast börn séu meðvitaðir um mikilvægi lestrarnámsins og nái að skapa örvandi umhverfi varðandi mál, lestur og ritun. Það skiptir miklu fyrir börn að sjá foreldra sína lesa og að lestur sé hluti af daglegu heimilislífi. Ef fjölbreytt lesefni er sýnilegt á heimili og börn sjá foreldra taka sér lesefni í hönd hefur það áhrif. Jafnframt er afar mikilvægt að börn lesi í fríum því ef börn lesa ekki yfir sumarið fer þeim óhjákvæmilega aftur í lestrarfærni. Þetta á ekki síst við um þau sem stríða við lestrarörðugleika en það getur tekið þau margar vikur að ná upp sömu færni eftir löng frí.

Í Glerárskóla er lögð áhersla á að nemendur lesi heima á hverjum degi í a.m.k. 15 mínútur, fimm sinnum í viku undir handleiðslu fullorðinna sem kvitta fyrir lesturinn í þar til gerða bók. Gott er að hafa reglu á heimalestrinum þannig að lesturinn verði hluti af daglegum venjum og að skapa frið og ró í kringum lestrar stundina.

Námsefni

Ýmsar lestrar- og vinnubækur, bækur af bókasafni, Ritrún 3, *Lesrún 2*, *Málrækt 1*, ýmis tölvuforrit. Skrifarbækur. Valin ljóð. Ítarefni frá kennurum.

Námsmat

Námsmat: Notast er við leiðsagnarmat, sjálfsmat, greinandi mat og stöðumat þar sem námsstaða er birt í hæfnikorti.

Gerð er námslota/námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytt námsmat sem metið er út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; Talað mál; samræða, tjáning, hlustun og áhorf,

Lestur, lesskilningur og bókmenntir,

Ritun, miðlun, Málfræði.

Stærðfræði

Nemendur vinna með stærðfræði á fjölbreyttan hátt.

Við vinnum með flokkun, stærðir, form, mælingar, pörun, talningu, talnalínu, mynstur og staðsetningarhugtök. Við leggjum áherslu á að börnin læri tölutáknin 0 – 100 og skilji hugtökin eining, tugur, hundrað, jafnt og, stærra en, minna en, fleiri og færri. Einnig er unnið með algeng stærðfræðihugtök, s.s. einingu, tug og hundrað. Aukið er vægi orðadæma og lögð er áhersla á að börnin leyti eigin lausna við verkefnin. Börnin læra á klukku og nota dagatöl. Nemendur vinna oft að mismunandi verkefnum í kennslustundum, einstaklings-, para- eða hópavinna. Margvísleg hjálpargögn eru notuð við kennsluna s.s. talnagrindur, kubbar, málbönd og vasareiknar.

Helsta námsefni: Sproti 4a og 4b (nemenda og æfingahefti), Neisti 3b og Neisti 4a notað til að dýpka skilning enn frekar, Stærðfræðispæjarar 1 - 4, Í undirdjúpunum – samlagning, frádráttur, margföldun og deiling og ýmis talnahefti (ljósrit).

Námsmat

Námsmat: Notast er við leiðsagnarmat, greinandi mat og stöðumat þar sem námsstaða er birt í hæfnikorti.

Gerð er námslota/námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytt námsmat sem metið er út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, tölfræði og líkindi.

Samfélags- og náttúrufræði

Fjallað er um landið okkar Ísland í víðu samhengi og tengsl Íslendinga við aðrar þjóðir. Einnig um samfélagið fyrr og nú og umhverfismál. Jafnframt er unnið með nánasta umhverfi skóla og bæjarfélags. Allir þættir samfélagsfræðinnar tengjast beint skólasýn okkar.

Nemendur kynnist nánasta umhverfi sínu úr eðlisvísindum, jarðvísindum og lífvísindum. Markmiðið er að veita undirstöðuþekkingu og skilning á ferlum náttúrunnar og að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að umgangast auðlindir jarðar af virðingu. Markmið er einnig að vekja spurningar og áhuga á heimi tækninnar.

Námsefni: Halló heimur 3, Könnun kortin 2, ýmsar bækur í bókaröðinni “Komdu og skoðaðu”, ýmsar fræðslusíður af vef mms.is, handbækur og forrit.

Námsmat: Notast er við leiðsagnarmat, sjálfsmat, jafningjamat, greinandi mat og stöðumat þar sem einkunn er birt með hæfnieinkunn.

Siðfræði og trúarbragðafræði

Helstu áhersluatriði: Að nemendur temji sér samskiptareglur sem byggja á kærleik og sáttfýsi. Þetta gerum við m.a. með því að lesa fyrir nemendur sögur sem gefa tilefni til umfjöllunar um þessi atriði. Nemendur fræðast um helstu hátíðisdaga kirkjuársins. Komið er inn á fjölmenningu og ólík trúarbrögð.

Þeir þroskaþættir, sem greininni er ætlað að efla, eru trúar-, siðgæðis- og félagsþroski þannig að nemendur verði hæfari til að taka ábyrga afstöðu í trúarlegum, siðferðilegum og félagslegum efnum.

Enska

Helstu áhersluatriði: Byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart ensku, nemendur kynnist grundvallaratriðum enskrar tungu og geti m.a. myndað og skilið einfaldar setningar. Kennslan að

mestu leyti byggð upp á hlustun og tali. Ný orð „glósuð“ jafnóðum og þau koma fyrir. Nemendur öðlist grunnorðaforða í ensku.

Námsefni: Yes We can 4, Hickory, efni frá kennara og ýmis myndbönd með orðaforða.

Námsmat: Verkefnavinna og kannanir verða uppistaðan í námsmatinu þar sem einkunn er birt með hæfnieinkunn.

Lífsleikni

Mikil áhersla er lögð á að efla tilfinningaþroska og samskiptahæfni nemenda. Í fyrstu er lögð áhersla á að vinna með upplifun þeirra við skólabyrjun. Skólinn er skoðaður og allt umhverfi hans til þess að gera nemendur sem öruggasta á þessum nýja vinnustað sínum. Í því sambandi má nefna mikilvægi reglna, að nemendur átti sig á þeim og verði þjálfuð í að fara eftir þeim reglum sem gilda í skólastarfinu. Einnig að börnin geti tjáð sig um líðan sína við starfsfólk skólans og skólasystkin og geti tjáð sig um helstu hugðarefni sín og sagt frá atburðum. Áhersla er lögð á umræður um tilfinningar og að nemendur átti sig á mismunandi tilfinningum. Nemendur fá þjálfun í að setja sig í spor annarra. Jafnframt er unnið með hópinn sem heild með það að markmiði að skapa gott andrúmsloft og góða bekkjarheild. Nemendur fá þjálfun í líkamsnuddi, slökun og teygjum. Lögð er áhersla á að nemendur njóti sín í leik og starfi í skólanum, kunni að gleðjast og meta það umhverfi sem þau lifa í. Mikilvægt er að nemendur læri að varast hættur í umhverfinu. Umferðarfræðsla er hluti af lífsleikni. Námsgreinin lífsleikni tengist flestum þeim námsgreinum sem nemendur fást við en ákveðið námsefni liggur þó til grundvallar lífsleikni kennslunni sem kennari fylgir eftir í daglegu starfi með nemendum. Kennslan byggist fyrst og fremst á umræðum, hlutverkaleikjum og verklegri þjálfun. Bekkjarfundir eru fastir liðir í skólastarfinu. Unnið verður með uppeldisstefnuna Jákvæður agi.

Námsefni: Verkefni sem tengjast jákvæðum aga. Samgöngustofa.is – fræðsla. Umferðarvefurinn. umferd.samgongustofa.is, efni frá kennara.

Upplýsingamennt og tölvunotkun

Helstu áhersluatriði: Að nemendur komi reglulega á bókasafn skólans og læri að finna sér bækur við hæfi. Lögð er áhersla á að nemendur læri góða meðferð bóka og annarra gagna af bókasafni. Nemendur kynnist og noti google forritin skjöl og skyggjur, nemendur læri undirstöðuatriði í forritun, nemendur læri ákveðnar umgengnisreglur varðandi tölvur skólans og noti kennsluforrit við hæfi.

Námsefni: Google skjöl, Google skyggjur, Fingrafimi, Codespark, Sphero og ýmis önnur forrit af mms.is

Námsmat

Tekið er mið af þeirri færni og áhuga sem nemendur sýna við tölvunotkun og upplýsingaleit. Í lok skólaárs er einkunn birt með hæfnieinkunn.

Tónlist

Helstu áhersluatriði: Að efla áhuga nemandans á tónlist. Að þjálfra tón- og taktskyn. Að örva ímyndunarafl og geta hreyft sig óþvingað eftir tónlist. Að nemendur kynnist ýmsum tegundum

tónlistar. Að nemendur nái að tengja saman hreyfingu, túlkun og tónlist. Að nemendur geti sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfendur

Námsmat: Umsögn um áhuga og frammistöðu.

Kennari: Einar Ómar Eyjólfsson

Myndmennt

Helstu áhersluatriði: Hugur - Hönd - Heilbrigði. Áhersla er lögð á að þjálfra huga og hönd til skapandi starfs. Nemendur teikna, mála og móta frjálst inn á milli ákveðinna verkefna. Þeir læra að nota fjölbreyttar aðferðir og efni til myndgerðar. Reynt er að gæta fjölbreytni í verkefnavali. Nemendur vinna sjálfstætt og taka jafnframt þátt í samstarfi. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti, góða umgengni um efni og áhöld og frágang á vinnusvæði.

Námsefni og kennslugögn: Kennslugögn og námsefni er unnið upp úr ýmsum fræðum sem byggja m.a. á teikniþroska, skapandi hugmyndum, upplýsingatækni og kennslufræði sjónlista. Unnið er með grunnatriði í myndlæsi. Reynt er að gæta fjölbreytni í viðfangsefnum til að gera námið áhugaverðara og við hæfi sem flestra.

Helstu kennsluaðferðir: Stutt kynning við upphaf nýrra verkefna, sýnikennsla, einstaklingsleiðsögn, verklegar æfingar, samvinna og umræður. Á námsvegg og í markmiðum með hverju verkefni hafa nemendur leiðbeiningu um hvað, af hverju og hvernig hægt er að ná árangri.

Námsmat: Leiðsagnarmat. Námsmatið er unnið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem greind hafa verið í námsviðmið í þeim tilgangi að gera þau skilvirkari við mat tiltekinnar hæfni hjá nemendum. Aðallega er horft til vinnuferlis en að einhverju leyti tekið mið af afrakstri vinnunnar og framförum nemanda. Hæfniviðmið aðalnámskrár eru grunnur námsmats og þau viðmið koma fram á hæfnikorti nemandans á Mentor. Námsveggur gefur nemendum glögga mynd af hæfniviðmiðum og framvindu námsins.

Kennari: Elsa María Guðmundsdóttir

Heimilisfræði

Í heimilisfræði eru órjúfanleg tengsl milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Til að styrkja þessi tengsl er mikilvægt að samþætta kennslu í matreiðslu og næringarfræði. Heimilisfræði er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, jafnrétti, hagsýni og nýtni. Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda með markvissri fræðslu um hollustu og heilbrigði, opinber manneldismarkmið og kenna nemendum að vera læsir á upplýsingar í umhverfinu sem snerta heilsufar.

Markmið

- Að nemendur geti gert greinarmun á hollum og óhollum matvælum,
- Geti mælt í heilum og hálfum L, dl og notað allar mæliskeiðarnar,
- Fáir þjálfun í að flysja og skera niður grænmeti og ávexti.
- Að nemendur þekki fæðuflokkana, þekki algeng matvæli og viti hvaðan matvælin koma sem unnið er með og þekki hugtök tengd matargerð fyrri tíma,
- Læri um mikilvægi hreinlætis við matreiðslustörf, þjálfist í að vaska upp í höndum, þrifa og ganga frá sínu vinnusvæði samkvæmt hreinlætiskröfum.

- Að nemendur þjálfist í ýmsum baksturs og matreiðslu aðferðum.
- kynnist næringarefnunum
- temji sér borðsiði, kurteisi og að taka tillit til annarra
- kynnist umhverfismerkjum og temji sér að nota lítið af efnum sem spilla umhverfi

Kennsluhættir: Hópastarf og samvinna. Nemendur kynnast helstu áhöldum sem notuð eru í eldhúsi, kynnast fæðutegundum, hollustu, reglum í eldhúsi og almennu hreinlæti. Byggt er ofan á fyrri þekkingu og leitast er við að gera nemendur enn sjálfstæðari í vinnubrögðum. Þó að unnið sé mest í hópum þá fær hver og einn þá leiðsögn sem hann þarf frá kennara. Viðfangsefni eru helst í bakstri en einnig er unnið með grænmetis og ávaxta flokk.

Námsefni og kennslugögn: Kennslubókin sem notuð er heitir Heimilisfræði 3. Unnið er með einföld eldhúsáhöld.

Námsmat Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá í heimilisfræði fyrir yngsta stig og metið samkvæmt því. Leiðsagnarmat fer fram alla önnina sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan á námi stendur. Einnig er vinnubókin metin.

Kennari: Ingibjörg Björnsdóttir

Textílmennt

Helstu áhersluatriði: Nemendur fá innsýn í efni og áhöld sem notuð eru í greininni, og þeir tileinki sér hugtök og undirstöðuatriði textíl greinarinnar. Nemendur vinna eftir leiðbeiningum frá kennara.

Kennsluhættir: Námið er miðað við að auka færni nemandans og efla hjá honum þekkingu og skilning á sem flestum þáttum greinarinnar. Tekið er mið af skólasýn Glerárskóla, hugur - hönd - heilbrigði þar sem m.a er lögð áhersla á að nemendur þjálfí verklega hæfni, geri tilraunir og þrói hugmyndir sínar. Stuttir fyrirlestrar við upphaf verkefna, sýnikennsla, einstaklings leiðsögn, verklegar æfingar.

Námsefni: Efni á veraldarvef, fagbækur af öllu tagi auk fjölbreyttra verkefna frá kennara. Uppskriftir, snið og verkefnablöð.

Námsmat: Námsmat byggir á markmiðum í skólanámskrá/Aðalnámskrá grunnskóla, þar sem lagt er mat á hvort nemandi hafi náð settum markmiðum auk annara þátta, og þau viðmið koma fram á hæfnikorti nemandans í Mentor.

Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu og byggir það á vinnuferli, þ.e. vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði og umgengni auk þess sem afrakstur vinnunnar er metinn.

Kennari: Soffía Margrét Hafþórsdóttir

Hönnun og smíðar

Helstu áhersluatriði: Að nemendur geti valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt, geti gert grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með, geti dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.

Að nemendur geti framkvæmt einfaldar samsetningar, bent á ýmis tækni fyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi, geti greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.

Að nemendur geti valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi, sýni góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með, geti beitt líkamanum rétt við vinnu og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.

Námsefni

Bækur, blöð og vefsíður

Kennsluhættir: Innlögn, sýnikennsla, verklegar æfingar, vettvangsferð.

Námsmat: Byggt er á leiðsagnarmati þar sem skoðað er hvar nemandinn er staddur í námi sínu, hvert hann stefnir og þá hvernig best sé að standa að þeim aðgerðum út frá þeim hæfniviðmiðum sem eru lögð til grundvallar. Þetta stuðlar að sjálfstæði nemenda og eflir skilning á markmiðum.

Kennari: Ólafur Viðar Hauksson

Skólaíþróttir

Helstu áhersluatriði: Leikurinn er þungamiðja í kennslu á yngsta stigi. Skynhreyfileikir, hlutverkaleikir, hlaupaleikir og markvissar æfingar sem efla skynfæri líkamans og bæta gróf- og fínhreyfingar. Helstu viðfangsefnin eru hlaup, hopp, kast og grip, spyrnur og jafnvægi í kyrrstöðu og á hreyfingu. Kollhnísar og veltur, þol í hlaupi, gripstyrkur, bolstyrkur og stöðugleiki, samhæfing augna og handa/fóta með og án bolta.

Leiðir: Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar æfingar og leiki. Nemendum er skylt að koma með íþróttaföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum. Æskilegt er að nemendur noti skó í íþróttatímum. Ef nemendur geta ekki tekið þátt í íþróttum verður að koma tölvupóstur frá foreldrum á netfang íþróttakennara þar sem ástæður forfalla koma fram.

Námsgögn: Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

Kennarar: Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason

Skólasund

Helstu áhersluatriði: Megináhersla á aðlögun að vatninu í gegnum leik og æfingar sem efla skynfæri líkamans í vatni. Aukin áhersla á grunnhreyfingar sundtaka í skriðsundi, baksundi, skólabaksundi og bringusundi. Einnig er lögð áhersla á að nemendur upplifi sundstaði á jákvæðan hátt þar sem þeir fá útrás fyrir hreyfipörf og félagsleg samskipti.

Leiðir: Fjölbreyttir sundtímar sem innihalda m.a. ýmsar æfingar og leiki. Æskilegt er að nemendur klæðist sundskýlum og sundbolum, en ekki stuttbuxum og bikiní þar sem slíkur klæðnaður hamlar sundfærni. Mikilvægt að muna eftir sundgleraugum og hártægjum. Ef nemendur geta ekki tekið þátt í sundi verður að koma tölvupóstur frá foreldrum á netfang íþróttakennara þar sem ástæður forfalla koma fram.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

Kennarar: Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason